

Héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis

haldinn á Bíldudal 7. september 2025

Sr. Magnús Erlingsson prófastur bauð fundargesti velkomna. Guðmundur Magnús Kristjánsson (sóknarnefndarformaður á Ísafirði) var valinn fundarstjóri og sr. Fjölur fundarritari.

Mættir voru: Magnús Erlingsson prófastur, Fjölur Ásbjörnsson prestur, Hildur Inga Rúnarsdóttir sóknarprestur, Elísa Mjöll Sigurðardóttir sóknarprestur, Barði Ingibjartsson, Ragnheiður Baldursdóttir, Guðmundur Magnús Kristjánsson, Helga Friðriksdóttir, Oddný Þórðardóttir, Anna Lilja Steinarsdóttir, Jörgen Harðarson, Hannes Friðriksson, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Ólafur Gestur Rafnsson, Aðalsteinn Magnússon.

1. Skýrsla héraðsnefndar: Magnús Erlingsson prófastur gerði grein fyrir störfum héraðsnefndar, síðasta héraðsfundi, og breytingar á prestum í prestakallinu. Helstu verkefni héraðssjóðs snúa að því að styrkja mót fermingarbarna í Vatnaskógi sem haldið er ár hvert. Sr. Magnús gerði einnig grein fyrir heimsókn biskups. (Sjá Viðauka).
2. **Ársreikningur.** Ársreikningur héraðssjóðs Vestfjarðaprófastsdæmis var kynntur og samþykktur. Tekjur ársins 2024 voru 2.904.590 kr og gjöld voru 3.007.287 kr. Í lok árs átti héraðssjóður 3.955.878 kr.
3. **Fjárhagsáætlun:** Fjárhagsáætlun héraðssjóðs var kynnt og samþykkt.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025

Tekjur:

1. 5,0 % af sóknargjöldum 2.900.000,00

2. Vaxtatekjur 250.000,00

Tekjur samtals 3.150.000,00

Gjöld:

1. Fundakostnaður 300.000,00
2. Styrkir til safnaða og kirkna 300.000,00
3. Hjálparstarf kirkjunnar 200.000,00
4. Fræðsla og æskulýðsstarf 2.200.000,00
5. Óráðstafað 300.000,00

Gjöld samtals 3.300.000,00

4. Skýrslur sókna.

1. Oddný Þórðardóttir gerði grein fyrir því að Árneskirkja á Stöndum (hin nýja) þarfnaðist viðhalds, þau fengu loforð fyrir styrk frá Þjóðkirkjunni sem er borgaður út á 4 árum í nokkrum greiðslum, fyrsta greiðsla í ágúst í ár en næsta í nóvember, sem þýddi að ekki var hægt að byrja að vinna í ár.
2. Hannes Friðriksson greindi frá því að kirkjustarf á Bíldudal hefur verið með hefðbundnum hætti. Venjulegt viðhald var framkvæmt, skipt um ofna í kirkju og Gamli skólinn tekinn í gegn og lýsing í kirkjugarði endurnýjuð. Stækkun kirkjugarðs hefur verið til athugunar í nokkurn tíma.
3. Aðalsteinn Magnússon greindi frá hefðbundið kirkjustarfi á Tálknafirði. Á Tálknafirði þarf einnig að fara í stækkun kirkjugarðsins. Formaður sóknarnefndar og meðhjálpari hætti störfum á síðasta ári og auglýst hefur verið eftir meðhjálpara.
4. Guðmundur Magnús Kristjánsson greindi frá því að hann væri nýkjörinn sóknarnefndarformaður á Ísafirði og á Ísafirði væri einnig verið að vinna að stækkun kirkjugarðs. Verið er að kanna að fá aðstöðu í nýrri slökkvistöð til þess að geyma líkbíl. Guðmundur taldi að kirkjusókn á Ísafirði væri ágæt og kirkjustarf í góðum farvegi

5. Fréttir frá prestastefnu og kirkjuþingi. Sr. Hildur gerði grein fyrir síðustu prestastefnu, þar var meðal annars fjallað um vinnu við nýja handbók. Einnig var fjallað um nýja heimasíðu kirkjunnar, reiknað er með að bæta við miklu efni, t.d. upplýsingum um kirkjur og starfsfólk hennar. Sr. Hildur kynnti nýtt merki Þjóðkirkjunnar sem verið er að kynna. Sr. Hildur sýndi peysu

með þessum nýju merkjum. Á prestastefnu var fjallað um málefni transfólks, transfólk glímir við tilvistarvanda svo sem að geta ekki ferðast til allra landa. Fjallað var um málefni flóttafólks á prestastefnu

6. Málefni kirkjupings: Tekist hefur að snúa við tapi undanfarinna ár og hægt og rólega er vonast til að kirkjunni takist að safna sér aftur upp höfuðstóli ef að eitthvað kemur uppá t.d. óvænt útgjöld. Farið var yfir viðhald og ástand fasteigna. Töluvert var samþykkt af starfsreglum, settar voru starfsreglur um biskup og fjármál. Ræddar voru þingsályktunartillögur eins og til dæmis það er varðar svæðisstjóra æskulýðsmála, Anna Lilja hóf störf sem svæðisstjóri á Vestfjörðum 1. ágúst síðastliðinn. Rætt var um tillögur sem snúa að fötluðum, fjölskyldum og hvað hægt er að gera varðandi þau prestaköll sem ekki tekst að manna.

7. Fréttir frá leikmannastefnu: Barði Ingibjartsson fór á leikmannastefnu í fyrra en ekki hefur enn verið boðað til leikmannastefnu í ár. Fundirnir voru góðir með fulltrúum alls staðar af á landinu. Það er spurning hvort leikmannastefna hefur verið aflögð eða sameinuð öðru.

8. Skýrsla um Hjálparstarf kirkjunnar. Helga Friðriksdóttir greindi frá fundum Hjálparstarfs kirkjunnar á síðasta ári. Hjálparstarfið vinnur mikilvægt starf, hver króna skilar sér þangað sem hún á að fara og allir verkefnisstjórar eru duglegir og hæfir. Hjálparstarfið stendur fyrir margvíslegu starfi bæði innan lands og utan. Næsti aðalfundur er 27. september næstkomandi.

9. Svæðisstjóri æskulýðsmála. Anna Lilja kynnti sig og sagði frá fyrri störfum sem eru meðal annars við æskulýðsmál á vegum kirkjunnar en hún útskrifaðist úr skóla leiðtogaefna árið 2015. Anna leggur áherslu á barna- og unglingastarf, að börn og unglingar upplifi frið og gleði í kirkjunni og að starfið sé fjölbreytt og skemmtilegt en á sama tíma sé lögð áhersla á trúna. Helstu verkefni hennar eru: fermingarbúðir (sjá um skráningu og skipulag), æskulýðsstarf, æskulýðsmót (kanna hvort hægt sé að fara), góðgerðarvika og leiðtogaskólinn. Anna Lilja gerði líka grein fyrir þeim verkefnum sem hún hefur tekið þátt í og sagði frá æskulýðsstarfi.

10. Greiðslur til héraðsnefndarmanna. Sr. Magnús gerði grein fyrir því hvað í því fælist. Samþykkt var að þóknunin yrði 12.000 kr áfram eins og síðastliðið ár.

11. Tillaga um fjölgun presta í Vestfjarðaprófastsdæmis: Sr. Magnús las upp tillögu um fjölgun presta í prófastsdæminu. Samþykkt var að koma þessari ályktun á framfæri og prófasti falið að gera það. (Sjá Viðauka).

12. Tillaga um að breyta nafninu á Patreksfjarðarprestakalli: Sr. Magnús prófastur lagði fram hugmyndir um breytingar á nafni prestakallsins og hvatti til umræðu um það. Þessi tillaga sr. Magnúsar var samþykkt einróma og prófasti falið að koma henni á framfæri. (Sjá Viðauka).

13. Kosningar:

Kjósa þarf til héraðsnefndar úr hópi leikmanna, Ragnheiður Baldursdóttir var kosin sem aðalmaður og Steinunn Guðmundsdóttir í Bolungarvík sem varamaður

Kjósa þarf í fulltrúaráð Hjalparstarfsins til tveggja ára. Helga Friðriksdóttir var kosin aðalmaður og Svava Björk Þorsteinsdóttir varamaður.

14. Önnur mál

Oddný Þórðardóttir ræddi mál kirkjugarða og benti á að víða erlendis væri grafið aftur í kirkjugarða eftir ákveðinn tíma.

Aðalsteinn Magnússon ræddi að samkvæmt lögum væri heimilt að taka gröf að nýju eftir 75 ár en benti jafnframt á að þetta væri erfitt gagnvart starfsfólki, fjölskyldu og hinum látnu.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Fjölur Ásbjörnsson.

Viðauki

Skýrsla héraðsnefndar flutt af prófasti á hérðsfundi 2025 á Bíldudal

Síðasti héraðsfundur var haldinn í Holti við Öfundarfjörð sunnudaginn 8. september 2025. Á þeim fundi var flutt sérstakt erindi um hamingjuna. Sú breyting hefur orðið síðan þá að sr. Kristján Arason sóknarprestur á Patreksfirði sagði embætti sínu lausu eftir að hafa verið ráðinn sóknarprestur á Breiðabólstað á Suðurlandi. Í hans stað var ráðin sr. Bryndís Svavarsdóttir, sem er reyndar um þessar mundir í sumarfrí og þess vegna er hún ekki hér með okkur í dag. Í sumar

sagði sr. Sigríður Óladóttir á Hólmavík embætti sínu lausu. Í hennar stað var ráðin sr. Elísa Mjöll Sigurðardóttir, sem predikaði hér við guðsþjónustuna í Bíldudalskirkju. Þá réð biskupsstofa í sumar sérstakan svæðisstjóra æskulýðsmála Önnu Lilju Steinsdóttur í hálfstítt starf. Hún kynnir sig og sitt starf hér síðar á dagskránni.

Helsta verkefni héraðssjóðs er að styrkja fermingarbarnamót í Vatnaskógi. Í ár fórum við í 5 daga ferð í Vatnaskóg frá 24. ágúst til 29. ágúst. Í Vatnaskógi er góð gístaðstaða í fallegu umhverfi. Hægt er að fara á bátum út á vatnið. Það er íþróttahús og leikjasalur með borðtennisborðum og fleiri leiktækjum. Á þessum tíma fá börnin 12 kennslustundir í fermingarfræðslu. Auk þess er mikill söngur, helgihald og kvöldvökur. Enda þótt kostnaður sé tölverður þá hafa þessi mót heppnast vel og haft mjög góð áhrif á fermingarbörnin.

Biskup Íslands, frú Guðrún Karls Helgudóttir heimsótti Ísafjörð í vor og tók þar þátt í hátíðarmessu vegna 30 ára afmælis Ísafjarðarkirkju. Messan var á uppstigningardeg, sem jafnframt er messudagur eldri borgara. Daginn eftir var biskup með opna skrifstofu og viðtalstíma. Stefnir biskup á að heimsækja fleiri staði til að hitta fólk og eiga við það samtöl.

Magnús Erlingsson.

11. mál: Tillaga um fjölgun presta í Vestfjarðaprófastsdæmis: Héraðsfundur

Vestfjarðaprófastsdæmis, haldinn á Bíldudal 7. september samþykkir að fjölga prestum á Vestfjörðum til að tryggja vígða þjónustu kirkjunnar líkt og kveðið er á um í 3. gr. þjóðkirkjulaga. Mikilvægt sé að endurskoða heildarskipulag vígðar þjónustu í Vestfjarðaprófastsdæmi með tilliti til staðháttanna.

Greinargerð: Við lok 20. aldar þá voru 14 prestar þjónandi á Vestfjörðum. Það var prestur í Vatnsfirði við Djúp, í Árnesi, á Hólmvík, á Prestsbakka, Reykhólum, Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri, Holti við Öfundarfjörð, Suðureyri, Bolungarvík og svo tveir prestar á Ísafirði. Í dag eru 5 prestar þjónandi í prófastsdæminu; það er prestur á Hólmavík, Patreksfirði, Þingeyri og tveir á Ísaafirði. Prestum hefur því fækkað úr 14 í 5 eða um 9. Þetta er víst 64% fækkun. Fækkun presta hefur komið niður á helgihaldi og safnaðarstarfi og skert þjónustu kirkjunnar við íbúana. Hafa ber í huga að Vestfirðir eru víðfemt svæði með fjöllum og fjörðum. Í prófastsdæminu eru 32 sóknir. Auk sóknarkirkna eru 11 aðrar kirkjur í sóknunum og 2 kapellur á stofnunum. Þá eru 4 kirkjur í eyðibýggðum. Vegalengdir er miklar á svæðinu. Þá hefur oftast en einu sinni þurft að fá presta á eftirlaunum til að hlaupa í skarðið þegar þjónandi prestar eru í sumarfrí eða veikjast. Bryn nauðsyn er á að fjölga prestum á Vestfjörðum til að styrkja þjónustu kirkjunnar á svæðinu. Slík fjölgun er í samræmi við 3. grein gildandi laga um þjóðkirkjuna en þar segir: „Þjóðkirkjunni ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Prestar og djáknar gegna vígðri þjónustu í þjóðkirkjunni.“

12. mál: Tillaga um að breyta nafninu á Patreksfjarðarprestakalli: Héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis, haldinn á Bíldudal 7. september samþykkir að breyta nafni Patreksfjarðarprestakalls þannig að það heiti eftirleiðis Vesturbyggðarprestakall.

Greinargerð: Þegar Patreksfjarðarprestakall var sameinað Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli þá lögðu kirkjufirvöld til að hið nýja sameinaða prestakall myndi heita Patreksfjarðarprestakall. Síðan þá hefur stundum komið til tals að finna annað og heppilegra nafn á hið sameinaða prestakall. Þannig var þeirri hugmynd varpað fram á héraðsfundi að nafninu yrði breytt í Barðastrandarprestakall. Eftir sameiningu sveitarfélaga í eitt stórt sveitarfélag, sem ber heitið Vesturbyggð þá hefur opnast sá möguleiki að nefna prestakallið Vesturbyggðarprestakall. Breytingar af þessu tagi þurfa bæði undirbúning og umræðu og því er þetta mál sett hér á dagskrá.